

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2011**2013/EES/28/40****frá 24. febrúar 2011****um upplýsingar sem á að leggja fram áður en starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót eða því breytt (*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

Flugöryggisstofnun Evrópu og aðra hagsmunaaðila, vera settar fram með skýrum hætti sem og verkalagsreglur um þessi upplýsingaskipti.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) ⁽¹⁾ einkum 9. mgr. 9. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Starfrænu loftrýmisumdæmin skipta sköpum í því að styrkja samstarf á milli aðildarríkja til að bæta frammistöðu og stuðla að samlegðaráhrifum. Í þeim tilgangi og til að nýta sem best tengslin milli starfrænu loftrýmisumdæmanna í samevrópska loftrýminu skulu hlutaðeigandi aðildarríki vinna saman og, eftir því sem við á, einnig með þriðju löndum.
- 2) Aðildarríkjunum ber að fara að kröfum 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004 þegar þau koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi.
- 3) Aðildarríkjum sem koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi ber að láta framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnun Evrópu, öðrum aðildarríkjum og öðrum hagsmunaaðilum í té upplýsingar og gefa þeim færi á að leggja fram athugasemdir sínar með það að markmiði að stuðla að skoðanaskiptum. Þó skulu aðildarríkin ekki leggja fram leynilegar upplýsingar, viðskiptaleyndarmál eða aðrar upplýsingar sem eru háðar trúnaðarkvöð.
- 4) Upplýsingarnar, sem leggja á fram samkvæmt þessari reglugerð, skulu samrýmast markmiðum starfrænu loftrýmisumdæmanna og aðstoða aðildarríkin við að tryggja samræmi við aðrar ráðstafanir samevrópska loftrýmisins.
- 5) Til að greiða fyrir slíkum upplýsingaskiptum og framlagningu athugasemda skulu upplýsingarnar, sem teljast fullnægjandi fyrir aðildarríkin, framkvæmdastjórnina,

- 6) Hlutaðeigandi aðildarríki skulu m.a. leggja upplýsingarnar fram í sameiningu og til samræmis við það leggja fram upplýsingasafn og skjalfesta sönnun fyrir hvert starfrænt loftrýmisumdæmi.
- 7) Litið skal á það þegar starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót sem lagalegt ferli þar sem aðildarríkjunum ber að styrkja samstarf á milli starfrænna loftrýmisumdæma sinna. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla þessar kröfur, eigi síðar en 4. desember 2012, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 550/2004.
- 8) Ákvörðunin um hvort starfrænu loftrýmisumdæmi hafi verið breytt skal byggjast á sömu viðmiðunum fyrir öll aðildarríkin og skal takmarkast við þær breytingar sem hafa umtalsverð áhrif á starfrænna loftrýmisumdæmið og/ eða aðliggjandi starfræn loftrýmisumdæmi eða aðildarríki.
- 9) Samkvæmt 13. gr. a í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 ⁽²⁾ skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin gæta samræmis við Flugöryggisstofnun Evrópu til að tryggja að tekið sé tillit til allra öryggisþátta með tilhlýðilegum hætti við framkvæmd samevrópska loftrýmisins.
- 10) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á hagsmuni aðildarríkjanna í öryggis- eða varnarmálum og tengdar þarfir sem falla undir trúnaðarkvöð skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.
- 11) Samkvæmt 83. gr. Chicago-samningsins þurfa aðildarríki, sem koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi, að skrá samninga eða fyrirkomulag varðandi starfræn loftrýmisumdæmi og allar síðari breytingar á þeim hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 51, 25.2.2011, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

(²) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

- 12) Stofnun starfrænna loftrýmisumdæma, sem myndi leiða til breytinga á mörkum flugupplýsingasvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (FIR) eða á aðstöðu og veittri þjónustu innan þessara marka, skal áfram falla undir áætlanuferli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugleiðsögu og verklagsreglur um breytingar á flugleiðsöguáætlunum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 13) Aðildarríki skulu tryggja að þau uppfylli öryggisábyrgð sína með skilvirkum hætti þegar þau koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi. Þau skulu sýna fram á og láta í té nauðsynlega fullvissu um að starfrænu loftrýmisumdæmi verði komið á fót og því stjórnad með öruggum hætti ásamt því að taka tillit til þátta öryggisstjórnunar í aðildarríkjunum og hjá veitendum flugleiðsöguþjónustu í tengslum stofnun starfræns loftrýmisumdæmis með áherslu á hlutverk þeirra beggja og ábyrgð að því er varðar öryggi.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Efni og gildissvið

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um kröfur:

- 1) um upplýsingar sem hlutaðeigandi aðildarríki eiga að leggja fyrir framkvæmdastjórnina, Flugöryggisstofnun Evrópu, önnur aðildarríki og hagsmunaaðila áður en starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót eða því breytt,
- 2) um verklagsreglur um að veita upplýsingar og leggja fram athugasemdir frá þeim aðilum sem um getur í 1. lið áður en framkvæmdastjórninni er tilkynnt um starfrænt loftrýmisumdæmi.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

Að auki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „hlutaðeigandi aðildarríki“: aðildarríki sem hafa gert gagnkvæmt samkomulag um að koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 550/2004,
- 2) „hagsmunaaðilar“: þriðju lönd sem liggja að starfrænu loftrýmisumdæmi, viðkomandi loftrýmisnotendur eða hópar loftrýmisnotenda og fulltrúar fagfélaga sem og veit-

endur flugleiðsöguþjónustu sem liggja að veitendum flugleiðsöguþjónustu í starfrænu loftrýmisumdæmi.

3. gr.

Sýnt fram á að kröfurnar séu uppfylltar

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu í sameiningu leggja fram upplýsingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, til að sýna fram á að kröfur 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004 séu uppfylltar.

4. gr.

Tilhögun upplýsingaskipta varðandi ný starfræn loftrýmisumdæmi

1. Eigi síðar en 24. júní 2012 skulu hlutaðeigandi aðildarríki leggja upplýsingarnar í viðaukanum fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að upplýsingarnar séu tiltækar Flugöryggisstofnun Evrópu, öðrum aðildarríkjum og hagsmunaaðilum, til athugunar, eigi síðar en einni viku eftir móttöku þeirra.
2. Athugasemdir Flugöryggisstofnunar Evrópu, annarra aðildarríkja og hagsmunaaðila skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en tveimur mánuðum eftir móttöku upplýsinganna. Framkvæmdastjórnin skal án tafar senda hlutaðeigandi aðildarríkjum þær athugasemdir sem hún móttækur ásamt sínum eigin athugasemdum.
3. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu taka athugasemdirnar, sem þau móttaka, til athugunar á viðeigandi hátt áður en þau koma eigin starfrænu loftrýmisumdæmi á fót.

5. gr.

Breytingar á starfrænu loftrýmisumdæmi sem hefur verið komið á fót

1. Að því er þessa reglugerð varðar telst starfrænu loftrýmisumdæmi sem komið hefur verið á fót, hafa verið breytt þegar fyrirhuguð breyting hefur í för með sér breytingar á skilgreindri stærð starfræna loftrýmisumdæmisins.
2. Að minnsta kosti sex mánuðum áður en breyting kemur til framkvæmda skulu hlutaðeigandi aðildarríki í sameiningu tilkynna framkvæmdastjórninni um fyrirhugaðar breytingar og leggja fram upplýsingar til stuðnings breytingunum og, eftir því sem við á, uppfæra upplýsingarnar sem hafa verið lagðar fram í tengslum við stofnun starfræns loftrýmisumdæmis. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að upplýsingarnar séu tiltækar Flugöryggisstofnun Evrópu, öðrum aðildarríkjum og hagsmunaaðilum, til athugunar, eigi síðar en einni viku eftir móttöku upplýsinganna.
3. Athugasemdir Flugöryggisstofnunar Evrópu, annarra aðildarríkja og hagsmunaaðila skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en tveimur mánuðum eftir móttöku upplýsinganna. Framkvæmdastjórnin skal án tafar senda hlutaðeigandi aðildarríkjum þær athugasemdir sem hún móttækur ásamt sínum eigin athugasemdum.
4. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu taka athugasemdirnar, sem þau móttaka, til athugunar á viðeigandi hátt áður en þau breyta eigin starfrænu loftrýmisumdæmi.

6. gr.

Starfræn loftrýmisumdæmi sem þegar hefur verið komið á fót

Hlutaðeigandi aðildarríki, sem hefur þegar komið á fót starfrænu loftrýmisumdæmi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, skulu tryggja að nauðsynlegar upplýsingar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum og hafa ekki nú þegar verið lagðar fram sem hluti af tilkynningu þeirra, séu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 24. júní 2012.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM Á AÐ LEGGJA FRAM

I. HLUTI

Almennar upplýsingar

1. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tilgreina:
 - a) tengilið fyrir starfræna loftrýmisumdæmið,
 - b) skilgreina stærð starfræna loftrýmisumdæmisins,
 - c) veitendur flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu sem hafa verið tilnefndir í sameiningu, ef við á, og ábyrgðarsvið þeirra.
 - d) veitendur flugumferðarþjónustu sem veita þjónustu án þess að hafa starfsleyfi, í samræmi við 5. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004, og ábyrgðarsvið þeirra.
2. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram eftirfarandi upplýsingar um fyrirkomulag, sem komist hefur verið að samkomulagi um, að því er varðar að koma á fót eða breyta starfrænu loftrýmisumdæmi, þ.m.t.:
 - a) afrit af skjölunum sem endurspeгла gagnkvæmt samkomulag hlutaðeigandi aðildarríkja um að koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi,
 - b) upplýsingar um fyrirkomulag á milli landsbundinna eftirlitsyfirvalda í starfrænu loftrýmisumdæmi,
 - c) upplýsingar um fyrirkomulag á milli veitenda flugumferðarþjónustu í starfrænu loftrýmisumdæmi,
 - d) upplýsingar um fyrirkomulag á milli þar til bærra borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda að því er varðar þátttöku þeirra í eftirlits- og stjórnunarkerfi starfræns loftrýmisumdæmis.
3. Hlutaðeigandi aðildarríki geta vísað til upplýsinga, sem þegar hafa verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina, við framkvæmd samevrópska loftrýmisins.

II. HLUTI

Kröfur 2. mgr. 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram upplýsingar, þ.m.t. fylgiskjöl, sem varða kröfur 2. mgr. 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004.

1. *Greining á öryggi starfræns loftrýmisumdæmis*

Láta skal í té eftirfarandi upplýsingar að því er varðar öryggisgreiningu á starfræna loftrýmisumdæminu:

- a) sameiginlega stefnu um öryggismál eða áætlun um að koma á fót sameiginlegri stefnu um öryggismál,
- b) lýsingu á fyrirkomulagi að því er varðar hvernig rannsóknum á slysum og flugatvikum er háttað og áætlanir um hvernig standa eigi að gagnasöfnun, greiningu á gögnum og skipti á gögnum er varða öryggismál,
- c) lýsingu á því hvernig öryggismálum er stjórnað til að koma í veg fyrir hnignandi öryggisframmistöðu innan starfræna loftrýmisumdæmisins,
- d) lýsingu á fyrirkomulagi þar sem ábyrgðarsvið og tengsl eru ákvörðuð og þeim úthlutað með skýrum hætti í tengslum við ákvörðun öryggismarkmiða, öryggiseftirlits og tilheyrandi framfylgdarráðstafana að því er varðar veitingu flugleiðsöguþjónustu innan starfræna loftrýmisumdæmisins,
- e) gögn og/eða yfirlýsingar um að öryggismat hafi verið framkvæmt, þ.m.t. hættugreining, áhættumat og mildun áhættu, áður en rekstrarlegar breytingar eru innleiddar, sem stafar af því að starfrænu loftrýmisumdæmi hefur verið komið á fót eða því breytt.

2. Hámarksnýting loftrýmis, að teknu tilliti til flæðis flugumferðar

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) lýsingu á tengslunum við viðkomandi starfsemi neta fyrir stjórnun loftrýma og flæðisstjórnun flugumferðar, sem um getur í 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 ⁽¹⁾, þ.m.t. samræming, fyrirkomulag og verklagsreglur til að ná hámarksnýtingu loftrýmisins,
- b) að því er varðar stjórnun loftrýma innan starfræna loftrýmisumdæmisins, sem fellur ekki undir starfsemi neta, sem um getur í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004, upplýsingar:
 - um fyrirkomulag fyrir samþættaða stjórnun loftrýma,
 - um ákvæði um samnýtingu gagna vegna stjórnunar loftrýma,
 - um fyrirkomulag fyrir skilvirka samvinnu við ákvarðanatöku,
- c) að því er varðar samræmingu í rauntíma innan starfræna loftrýmisumdæmisins:
 - lýsingu á því hvernig starfsemi, sem nær yfir landamæri, er stjórnað ef ný svæði verða til sem leiðir af því að starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót eða því breytt.

3. Samræmi við evrópskt net flugleiða

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram upplýsingar til að sýna fram á að hönnun flugleiða og framkvæmd starfræna loftrýmisumdæmisins samrýmist og fer fram innan ferlis sem komið er á með hliðsjón af heildarsamræmingu, þróun og framkvæmd evrópsks nets flugleiða sem um getur í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004.

Hlutaðeigandi aðildarríki geta vísað til upplýsinga, sem þegar hafa verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina, við framkvæmd samevrópska loftrýmisins.

4. Heildarvirðisauki á grundvelli kostnaðar- og ábatagreiningar

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu gefa út yfirlýsingar til staðfestingar á því:

- a) að kostnaðar- og ábatagreining hafi farið fram samkvæmt stöðluðum starfsvenjum í atvinnugreininni, með því að nota m.a. greiningu á afvöxtuðu sjóðstreymi,
- b) að kostnaðar- og ábatagreining gefi heildstætt yfirlit yfir áhrifin, sem verða við það að starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót eða því breytt, á borgaralega og hernaðarlega notendur loftrýmis,
- c) að kostnaðar- og ábatagreining sýni fram á jákvæða fjárhagslega heildarniðurstöðu (hreint núvirði og/eða innri vexti) við það að starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót eða því breytt,
- d) að starfrænt loftrýmisumdæmi stuðli að því að draga úr umhverfisáhrifum af völdum flugumferðar,
- e) að virði kostnaðar og ábata, upptök þeirra og forsendur, sem liggja til grundvallar kostnaðar- og ábatagreiningunni hafi verið skráð,
- f) að haft hafi verið samráð við helstu hagsmunaaðila og að þeir hafi sagt álit sitt á áætluðum kostnaði og ábata í tengslum við starfsemi sína.

5. Trygging fyrir snurðulausri og sveigjanlegri færslu ábyrgðar á flugumferðarstjórn milli flugumferðarþjónustudeilda

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram upplýsingar sem sýna fram á að færsla ábyrgðar á flugumferðarstjórn sé snurðulaus og sveigjanleg innan starfræna loftrýmisumdæmisins. Þetta skal fela í sér eftirfarandi upplýsingar um þær breytingar sem eru innleiddar við það að koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi er breyta því:

- a) lýsingu á fyrirkomulagi flugumferðarþjónustu yfir landamæri,
- b) fyrirkomulag sem hefur verið innleitt til að auka samræmi í verklagi meðal hlutaðeigandi veitenda flugumferðarþjónustu innan starfræna loftrýmisumdæmisins og frekari fyrirhugaðar aðgerðir til að auka samræmi,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

- c) lýsingu á fyrirkomulagi sem komið er á til að auka samræmi í verklagi meðal hlutaðeigandi borgaralegra og hernaðarlegra veitenda flugumferðarþjónustu og lýsingu á frekari fyrirhuguðum framtaksverkefnum til að auka samræmi í tengslum við hugmyndina um sveigjanlega notkun loftrýmis,
- d) lýsingu á fyrirkomulagi sem komið er á til að auka samræmi í verklagi meðal hlutaðeigandi aðliggjandi veitenda flugumferðarþjónustu og lýsingu á frekari fyrirhuguðum framtaksverkefnum til að bæta samræmi.
6. *Trygging fyrir samhæfingu á milli mismunandi skilgreininga loftrýmis, m.a. með því að hámarka nýtingu núverandi flugupplýsingasvæða*
- Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram upplýsingar um tiltækar áætlanir um hvernig eigi að fá fram samræmt skipulag og flokkun mismunandi skilgreininga loftrýmis innan starfræna loftrýmisumdæmisins. Í áætlunum skulu vera:
- a) meginreglur um skipun loftrýmis í flokk og um skipulag loftrýmis fyrir starfræna loftrýmisumdæmið,
- b) breytingar á skilgreiningum loftrýmis sem stafa af samræmingu innan starfræna loftrýmisumdæmisins.
7. *Svæðisbundnir samningar sem gerðir eru innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar*
- Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram skrá yfir svæðisbundna samninga sem eru í gildi og gerðir í samræmi við rammann, sem ákvarðaður er skv. 11. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningflug, sem skipta máli að því er varðar að koma á fót og reka starfrænt loftrýmisumdæmi.
8. *Svæðisbundnir samningar sem eru í gildi*
- Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram skrá yfir samninga sem eru í gildi og gerðir af hálfu eins eða fleiri hlutaðeigandi aðildarríkja, þ.m.t. þeir sem eru gerðir við þriðju lönd, sem skipta máli að því er varðar að koma á fót og reka starfrænt loftrýmisumdæmi.
9. *Frammistöðumarkmið í gervöllu Evrópusambandinu*
- 9.1. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram upplýsingar um fyrirkomulag sem hefur verið innleitt til að greiða fyrir samræmi við frammistöðumarkmið í gervöllu Evrópusambandinu sem um getur í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.
- 9.2. Hlutaðeigandi aðildarríki geta vísað til upplýsinga sem nú þegar hafa verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina samkvæmt ákvæði 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 201, 3.8.2010, bls. 1.